



Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation 2007

Summary in Icelandic

Stefna í landbúnaðarmálum í OECD ríkjum: Vöktun og mat 2007


Útdráttur á íslensku

- Í *Stefnu í landbúnaðarmálum í OECD ríkjum* er boðið upp á uppfært mat á stuðningi við landbúnað á OECD svæðinu sem og greiningu frá landi til lands á landbúnaðarstefnum.
- Í skýrslunni er sýnt að þótt ríkisstuðningur við landbúnað hafi minnkað á OECD svæðinu frá 9. áratugnum er hann enn umtalsverður en samt mjög ólíkur eftir ríkjum.
- Í skýrslunni er líka könnuð nýleg markverð þróun í landbúnaðarstefnu, þar á meðal breytingar á sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópu og endurskoðun í Japan og Kóreu sem og möguleg framtíðarþróun í landbúnaðarstefnu Bandaríkjanna og Sviss.

Landbúnaðarstefna árið 2006 var innleidd í samhengi við almennt sterkara heimsverð á landbúnaðarvöru og áframhaldandi veikingu bandaríkjadals. Heima fyrir fólu umbætur í sér frekari aftengingu við stuðning í Evrópusambandinu í gegnum eingreiðslukerfið. Kórea og Japan hafa bæði samþykkt nýlega ráðstafanir til stefnuumbóta en Bandaríkin vinna að því að leggja fram nýtt búvörufrumvarp í stað núverandi búvörolaga. Mörg ríki eru að þróa stefnu til að örva lífræna framleiðslu. Áframhaldandi samningaviðræðum í átt að Doha-þróunaráætlun hefur hingað til mistekist að ná samkomulagi þrátt fyrir víðtækar umræður, og marghliða aðstæður til viðskiptastefnumótunar viðhældust fyrir vikið að mestu óbreyttar.

Sem hlutfall af vergum búvöruveikningum hefur áætluðu stigi stuðnings á OECD svæðinu (% ÁSF) farið úr að meðaltali 38% af reikningum árin 1986-88 ofan í 29% árin 2004-06. Árið 2006 var % ÁSF 27%, hafði farið niður um 2 prósentustig frá árinu 2005. Engu að síður hefur lítil breyting orðið á stigi styrks við framleiðendur frá því undir lok 20. aldar fyrir OECD í heild sinni. Á nýliðnu tímabili urðu framfarir á þann hátt að stuðningur var veittur framleiðendum – í gegnum eftirtektarverðar tilfærslur fjarri ráðstöfunum sem tengjast framleiðslu sérstakra vara. En þrátt fyrir töluverða lækkun ráða framleiðslutengdar ráðstafanir enn yfir framleiðendastyrk í flestum ríkjum. Jafnframt hafa aðeins orðið takmarkaðar framfarir til stefnumótunar sem beinist að skýrt skilgreindum markmiðum og rétt höfum. Betri stefnumið í stefnumótun myndu auka árangur hennar í að takast á að við markmið heima fyrir, auka skilvirkni og bæta gagnsæi.

[Graf 2.1. Þróun áætlaðs stuðnings við framleiðendur í OECD \(% ÁSF\), reiknistuðuls nafnverndar \(RNV\) og reiknistuðuls nafnaðstoðar \(RNA\)](#)




Þrátt fyrir einhvern samdrátt er OECD landbúnaður áfram auðkenndur með miklum stuðningi

Árið 2006 var stuðningur við framleiðendur á OECD svæðinu áætlaður 268 milljarðar bandaríkjadala, þ.e. 214 milljarðar evra, og samsvaraði 27% af búvöruveikningum. Stuðningur hefur lækkað sem hlutfall búvöruveikninga á tímabilinu 2004-06 borið saman við árin 1986-88. Meðfram stuðningi við almenna þjónustu við landbúnað, s.s. rannsóknir, innri gerð, eftirlit, markaðssetningu og eflingu, þar sem heildarstuðningur við landbúnaðargeirann (% HSL) jafngildi 1,1% af vergum landstekjum OECD á árunum 2004-06 er þetta innan við helmingur af meðaltali áranna 1986-88 upp á 2,5%.

Mikill munur á stigi stuðnings viðhelst milli ríkja

Þótt stuðningur hafi minnkað miðað við 1986-88 er enn mikill munur á stigi stuðnings milli ríkja. Stuðningur við framleiðendur á árunum 2004-06 var u.þ.b. 1% af búvöruveikningum á Nýja-Sjálandi og 5% í Ástralíu. Hann var 14% í Bandaríkjunum og Mexíkó, 22% í Kanada og 24% í Tyrklandi. Við 34% var stig stuðningsins í Evrópusambandinu 5 prósentustigum yfir OECD meðaltalinu. Stuðningur var 55% af búvöruveikningum í Japan og meira en

[Mynd 2.2. Áætlun um stuðning við framleiðendur eftir ríkjum](#)



60% á Íslandi, Noregi, Kóreu og Sviss.

*Framþróun í að minnka stig
stuðningsins er áfram ójöfn milli
ríkja*

Frá 1986-88 hefur stuðningur við framleiðendur sem hlutfall af búvöruheikningum minnkað mest í Kanada, Mexíkó (frá 1991-93) og á Nýja-Sjálandi. Meðal þeirra ríkja sem hafa mikinn stuðning hefur mest lækkun orðið á Íslandi, Sviss og Japan. Heildarstuðningur við landbúnað sem er gefinn upp sem hlutur af vergum landstekjum hefur líka minnkað í öllum OECD ríkjum, en mikill hlutur í heildarstuðningi í Tyrklandi endurspeglar stóran landbúnaðargeira og tiltölulega lágan vergar landstekjur.


*Meiri framþróun hefur orðið í að
breyta aðferðinni sem er notuð til að
veita framleiðendum styrk*

Hlutur flestra aðferða til að raska stuðningi við framleiðslu og viðskipti – þeirra sem tengjast afurðum eða breytilegum aðföngum – minnkaði úr 86% af framleiðslustuðningi árin 1986-88 í 64% árin 2004-06 á OECD svæðinu. Minnkandi framleiðslutengdur stuðningur (þar á meðal markaðsverðsstuðningur sem endurspeglar aðallega ráðstafanir jaðarverndar) sést líka í verulegri lækkun í bilinu milli framleiðslu heima fyrir og jaðarverðs (sem framleiðandinn mælir með reiknistuðli nafnverndar, RNV). Árin 1986-88 var meðalverð framleiðenda í OECD 51% hærra en jaðarverð; á árunum 2004-06 hafði bilið helmingast og var orðið 25%. Mestu lækkanirnar í bilinu hafa orðið í Sviss, Noregi og Íslandi, en framleiðendaverð er enn meira en tvisvar sinnum hærra en jaðarverð í þessum ríkjum, og reyndar gegnir sama máli í Japan og Kóreu. Lækkunum í flestum röskuðum aðferðum í stuðningi hefur fylgt aukning í greiðslum sem byggjast á núverandi eða ekki núverandi svæði, dýrafjölda eða tekjum. Á allra síðustu árum hafa vaxið að mikilvægi þær tekjur sem ekki gera kröfu um neina framleiðslu. Gagnkvæmum skilyrðum um að ákvæði séu haldin, sérstaklega varðandi umhverfið, er í auknum mæli bætt við greiðslur.


*Mestallur stuðningur er enn við
sérvöru, en stefna sem eftirlætur
framleiðendum meiri sveigjanleika
vex að mikilvægi.*

Einstakar vöru tilfærslur (EVT) eru enn mikilvægasti þátturinn í ÁSF þótt hlutur þeirra í heildarstuðningi við framleiðendur hafi minnkað úr 88% á árunum 1986-88 í 64% á árunum 2004-06. Lækkunin í tilfærslum sem miðar að einstökum vörum hefur verið ójöfn eftir vöruflokkum. Þótt hlutur EVT í framleiðendareikningum fyrir mjólk, egg, korn og olúfræ hafi fallið um meira en helming hafa aðrir gearar sem eru vel varðir fyrir hefðarsakir, s.s. hrisgrjón og sykur, aðeins orðið fyrir lítilli lækkun (þeir halda vörunni með hæsta hlut EVT og RNV). Stuðningur til margra ára hefur þróast í átt að fjárveitingum

[Mynd 2.6. Framleiðendur RNV
eftir ríkjum](#)



[Mynd 2.8. OECD: Einstakar
vöru tilfærslur eftir vörum](#)



sem eru síður bundnar við að framleiða sérstakar vörur (og þar af leiðandi ekki í EVT), annað hvort með því að leyfa hóp af vörum (eða öllum vörum) að koma til greina til greiðslu eða með því að hafa engar framleiðslukröfur til þess að fá greiðslu.

Fjöldi mikilvægra stefnubreytinga var innleiddur 2005 og 2006...

Innleiðing umbóta hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu 2003 hélt áfram í Evrópusambandinu með kynningu á eingreiðslukerfinu sem hófst árið 2005, og framlenging umbótanna í sykurgeiranum árið 2006. Ný reglugerð um byggðapróun í dreifbýli var samþykkt fyrir tímabilið 2007-13 þar sem ESB ríkin þróa innleiðingarátlanir sínar. Ísland er smátt og smátt að skipta út mjólkurgreiðslum sem eru byggðar á afurðum fyrir greiðslur sem miða við höfðatölu (2005-12). Ný grunnáætlun fyrir fóður, landbúnað og dreifðar byggðir var sett á laggirnar í Japan. Meðal atriða í henni var upptakan frá 2007 um nýjar beingreiðslur sem gæfu framleiðendum meiri sveigjanleika í framleiðsluákvörðunum. Kórea byrjaði að innleiða endurskoðun á hrísgrjónastefnu sinni sem felur í sér afnám innkaupa hins opinbera og upptöku beingreiðslna. Sviss er að hverfa í áföngum frá framleiðslukerfinu um mjólkurkvóta.

... og verið er að þruga einhverjar nýjar breytingar

Bandaríkin eru á lokaári búvörureikningsins 2002-07, og unnið er að tillögum að nýjum búvörureikningi. Tillögur að nýrri landbúnaðarstefnu í Sviss fyrir árin 2007-11 (LS 2011) fela í sér að frekar er horfið frá ráðstöfunum sem styðja vöruverð.

Marghliða samningaviðræður í landbúnaðarviðskiptum tekna upp aftur, en enn tekst ekki að festa hendur á árangursríkri útkomu

Doha-þróunaráætlunin (DDA) í kringum samningaviðræður í verslun hélt áfram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), en engin niðurstaða fékkst og samningaviðræður um tvíhliða og svæðisbundið viðskiptasamkomulag jukust. Framfarir í marghliða samningaviðræðum um viðskipti myndu sjá um aukinn hvata fyrir frekari stefnuumbætur í landbúnaðarmálum.

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

